



Umgengnis- og öryggisreglur

á aksturssvæði Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar (MXS)

- Ökumenn aka á eigin ábyrgð á aksturssvæði MXS.
- Öll mótórhjól verða að vera löglega skráð og tryggð samkvæmt íslenskum lögum.
- Ökumenn þurfa að hafa tilskilin ökuréttindi miðað við aldur og stærð ökutækis samkvæmt íslenskum lögum.
- Ökutæki í notkun á svæðinu skal vera í skoðunarhæfu keppnisástandi miðað við reglur MSÍ.
- Öll torfæruskráð mótórhjól skulu flutt á þar til gerðum tækjum til og frá braut.
- Aka skal inn í brautina frá ráslínu og akstur gegn akstursstefnu í brautinni er stranglega bannaður.
- Allir ökumenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað til að stuðla að öryggi þeirra, meðal annars brynju, hjálm, hnéhlífar og klossa.
- Við akstur á bílaplani skal gæta ítrustu varkárni gagnvart fólki og öðrum ökutækjum. Halda skal hraða í lágmarki og varast grjótkast.
- Ef viðhald fer fram í brautinni, hvort sem er með handverkfærum eða vinnuvélum, þá er brautin undantekningarlaust lokað meðan á vinnu stendur.
- Brot á þessum reglum getur valdið brottrekstri af svæðinu og jafnvel banni við frekari akstri.

Stjórn MXS

17.05.2023